

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Kinna, Brattakinn 1-3 og Grænakinn 2-4.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarráð Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 20. maí 2009 breytingu á deiliskipulagi Kinna vegna Bröttukinnar 1-3 og Grænakinnar 2-4. Breytingin felst í að stækkaður er byggingarreitur við hús nr. 1-3 við Bröttukinn og 2-4 við Grænakinn, heimilt að reisa viðbyggingu á einni hæð. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 24. júní 2009,

Málfríður Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 8. júlí 2009